

Brunavarnaráætlun



fyrir starfssvæði

Slökkviliðs Langanesbyggðar

Vegna Langanesbyggðar og Svalbarðahrepps

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Samþykkt | 1 |
| Markmið..... | 2 |
| Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar | 2 |
| Gerð brunavarnaáætlunar | 2 |
| Endurskoðun brunavarnaáætlunar | 3 |
| Samráð við gerð brunavarnaáætlunar | 3 |
| 1. Áhættumat | 4 |
| 2. Þjónustustig | 5 |
| 3. Skipulag slökkviliðsins | 7 |
| 3.1. Verkefni slökkviliðs..... | 8 |
| 3.3. Útkallsstarf..... | 9 |
| 3.4. Annað..... | 10 |
| 4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð | 11 |
| 4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf | 11 |
| 4.2. Svar- og greiningartími | 11 |
| 4.3. Boðunartími | 11 |
| 4.4. Virkjunartími | 11 |
| 4.5. Viðbragðstími | 11 |
| 5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður | 12 |
| 5.1. Húsnæði | 12 |
| 5.2. Bifreiðar | 12 |
| Bakkafjörður..... | 12 |
| 5.3. Búnaður..... | 12 |
| 5.4. Fjarskipti | 16 |
| 5.5. Viðvörunarbúnaður | 16 |
| 5.6. Æfingarsvæði | 16 |
| 5.7. Annað..... | 16 |
| 6. Landupplýsingar | 17 |
| 7. Vatnsból og brunahanar | 17 |
| 8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur | 17 |
| 10. Samkomulag og samninga | 24 |
| 11. Annað..... | 25 |
| 12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun..... | 25 |
| 12.1. Húsnæði | 25 |
| 12.2. Bifreiðar | 26 |
| 12.3. Menntun og búnaður..... | 26 |
| 12.4. Framkvæmdaáætlun..... | 26 |

| | |
|--|------------|
| Dreifingarlisti | 28 |
| Heimildir | 28 |
| Fylgiskjöl | 29 |
| Fylgiskjal 1.Viðbragðstími | 30 |
| Fylgiskjal 1.1 Útkallssvæði, slökkviliðs og tími..... | 31 |
| Fylgiskjal 1.2 | 32 |
| Péttbýliskjarni, Þórshöfn..... | 32 |
| Fylgiskjal 1.3 | 33 |
| Viðbragðstími | 33 |
| Fylgiskjal 2 | 34 |
| Skoðunarskylda eldvarnarefirlits | 34 |
| Fylgiskjal 3.2.1 | 36 |
| Fylgiskjal 4 | 367 |
| Fylgiskjal 5 | 38 |
| Fylgiskjal 5.1 | 39 |
| Fylgiskjal 6 | 40 |

Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Langnesbyggðar og Svalbarðahrepps samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Þórshöfn /

f.h. Langnesbyggðar

f.h. Svalbarðshrepps

Reykjavík /

F.h Brunamálastofnunar

Markmið

Leiðarljós Slökkviliðs Langanesbyggðar með þessari brunavarnaáætlun er að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000:

“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.”

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000,:

“Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”

Jafnframt er eitt af megin markmiðum Slökkviliðsins með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.

Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar

Gerð brunavarnaáætlunar

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir

“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra yfir svæðinu eftir leiðbeiningum sem Brunamálastofnun gefur út.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaadstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragðsáætlanir (t.d. slökkviáætlanir og mengunarvarnaáætlanir) a.m.k. yfir alla stærstu og erfiðustu áhættur á svæði slökkviliðsins.

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- tækjakostur slökkviliðanna sé nægjanlegur til að uppfylla kröfur
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi bæði í þéttbýli og dreifbýli
- að slökkvistöðvar slökkviliðanna uppfylli þarfir þeirra

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðanna
- fjölga í slökkviliðunum, bæta aðstöðu þeirra, auka menntun og þjálfun slökkviliðsmannana, eða setja upp bakvaktir
- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana og betra aðgengi að vatnsbólum
- gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir brunavarnir sveitarfélagsins. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftareglur sem gefa vísbendingu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í:

- öðrum áætlunum fyrir slökkviliðin í sveitarfélögunum og nærliggjandi sveitarfélögum
- áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum
- öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þarf að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún er samþykkt, eins og fram kemur í 13. gr. laga um brunavarnir:

“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykki hennar, einnig skal laga brunavarnaráætlunina til ef breytingar verða á starfssvæði Slökkviliðs Langanesbyggðar.

Samráð við gerð brunavarnaáætlunar

Eftirtöldum aðilum var gefin kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst geta við gerð brunavarnaáætlunar Slökkviliðs Langanesbyggðar.

- Almennavarnarnefnd Þingeyinga
- Brunamálastofnun
- Flugmálastjórn
- Heilbrigðiseftirlit NE
- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
- Lögreglustjórn á Húsavík
- Vinnueftirlitið
- Neyðarlínan
- Olíudreifing
- Björgunarsveitin Hafliði
- Slökkviliðsstjórn N-Þing
- Sveitarstjórn Langanesbyggðar
- Sveitarstjórn Svalbarðshrepps
- RARIK

1. Áhættumat

Áhættumat er fundið og metið með hefðbundnu eftirliti slökkviliðsstjóra á viðkomandi byggingum vegna starfa hans við eldvarnareftirlit á starfssvæðinu. Áhættumatið er síðast skoðað við gerð brunavarnaáætlunar. Slökkviliðin ráða við allar almennar áhættur nema umhverfis og menngunarslys. Slökkviliðin ráða ekki við stærri bruna sem upp geta komið í stærstu byggingum t.d. frystihúsi eða uppsjávarbræðslu.

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu

$$\text{Áhætta} = \text{líkindi} \times \text{afleiðing}$$

Hér verður áhættugreining byggð á huglægu mati sem byggir á þekkingu og reynslu slökkviliðsstjóra, en ekki byggt á tölfræði og útreikningi. Mikilvægt er að hefja vinnu við samræmt áhættumat á starfssvæði SL á næstunni. Mengunar- og slökkviáætlanir eru ekki til fyrir stærri áhættur innan starfssvæðisins.

Áhættur á svæðinu eru mismunandi og hafa verður í huga stærð og getu slökkviliðsins á viðkomandi stað. Hér fyrir neðan er listi yfir þær áhættur sem eru ráðandi á svæðinu.

Á Þórshöfn

- Grunnskóli Þórshafnar
- Hjúkrunar og dvalaheimilið Naustið
- Þórshafnarkirkja
- Samkomuhúsið
- Íþróttahúsið
- Hraðfrystihús Þórshafnar, fiskvinnsla
- Hraðfrystihús Þórshafnar, bræðsla
- Pistill e.hf, Langholt 1

Á Bakkafirði

- Grunnskóli Bakkafjarðar
- Gunnólfur, fiskvinnsla

Svalbarðshreppur

- Grunnskólinn Svalbarði
- Gistiheimilið Ytra-Álandi

Sveitabær á öllu starfssvæði slökkviliðsins vegna vatnsskorts og fjarlægða frá slökkvistöðvum.

Lokið verður við að gera slökkviáætlanir á öllum sveitabæjum fyrir 2008.

2. Þjónustustig

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi sex megin þætti:

1. Vatnsöflun og slökkvistarfar utanhúss

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss.

Allir slökkviliðsmenn hafa fengið og fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75. 2000. það er að lágmarki 20 klst. á ári.

2. Slökkvistarfar innanhúss og reykköfun

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Ekki hafa allir slökkviliðsmenn gild reykköfunarréttindi bæði vegna aldurs og í öðrum tilvikum hafa menn óskað eftir að sleppa við reykköfun af öðrum ástæðum. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75. 2000. Svo og reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað 26 júlí 1984. Fjölga þarf reykköfum með réttindi.

3. Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum búnaði, m.a. úr bíflökum

Á Þórshöfn er til staðar björgunartæki til björgunar m.a. úr bíflökum. Slökkviliðið sinnir þessum þætti og áætlunin gerir ráð fyrir að það verði áfram gert í framtíðinni. (Telst ekki með skyldum slökkviliðs).

4. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun

Á slökkvistöð Þórshafnar eru til tveir eiturefnabúningar og búnaður til að takast á við slys í sambandi við t.d. leka á eiturefnum, olíu og bensíni.

Heildaráætlun vegna mengunar- og eiturefnaslysa verður gerð á öllu svæðinu samkvæmt samstarfssamningi um brunavarnir í Þingeyjarsýslum.

Einungis slökkviliðsstjóri hefur þjálfun í mengunarviðbrögðum.

Á næstu tveimur árum verður komið upp mengunarvarnardeild innan slökkviliðsins sem sinnir mengunartilfellum sem koma upp á starfsvæði liðsins þannig að 4 – 6 liðsmenn verði í þjálfun hverju sinni.

Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna verður í takt við kröfur Brunamálastofnunar.

Slökkvilið Langanesbyggðar mun sinna mengunar og eiturefnaslysum eftir því sem aðstæður leyfa í samræmi við skipulag á svæðinu.

5. Eldvarnareftirlit

Eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við við lög nr. 75. 2000. svo og reglugerð um Eldvarnareftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnaði sem tekið hefur verið í notkun, frá 7. apríl 1994. Slökkviliðsstjóri sinnir eldvarnareftirliti á starfsvæði Slökkviliðs Langanesbyggðar.

**6. Önnur þjónusta
Sjúkraflutningar**

Sjúkraflutningar eru alfarið á vegum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, slökkviliðið hefur aldrei tekið þátt í þeim þó svo þeir ættu vel heima innan raða slökkviliðs, sjúkraflutningamenn gætu einnig verið slökkviliðsmenn. Slökkviliðið er tilbúið til að taka við sjúkraflutningum á svæðinu.

Dælingar

Slökkviliðið sinnir einnig annari þjónustu við íbúa sveitarfélaganna ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, losa stíflur úr lögnum, dælingar úr skipum samkvæmt beiðni o.fl.

Öryggisvöktun

Öryggisvöktun er framkvæmd samkvæmt beiðni og/eða fyrirskipun slökkviliðsstjóra og eða sýslumanns t.d. á skemmtistöðum, við afgreiðslu á eldsneyti við höfnina og við ýmis önnur atvik

Slökkvistarf á flugvelli

Slökkviliðið mun sinna slökkvistarfi á flugvelli samkvæmt væntanlegum samningi á milli flugmálastjórnar og Langanesbyggðar.

Slökkvistörf í skipum

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í minni skipum og bátum sem staðsett eru í höfn.

Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði

Samtarfssamningur er á milli Langanesbyggðar og Svalbarðshrepp um brunavarnir og eldvarnareftirlit.

Slökkvilið sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra á því svæði. Slökkviliðið getur einnig óskað aðstoðar frá öðrum brunavarnarsvæðum þó svo að ekki séu til staðar skriflegir samstarfssamningar þar um.

3. Skipulag slökkviliðsins

Skipurit fyrir slökkviliðið er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna.


Hjá slökkviliði Langanesbyggðar er slökkviliðsstjóri og þrjár varðstjórar auk þeirra eru í dag u.þ.b. 15 skipaðir slökkviliðsmenn. Lámarksfjöldi slökkviliðsmanna skal vera 20.

Einnig er hægt að kalla eftir aðstoð frá Vopnafirði og Raufarhöfn.

Slökkviliðið er vaktaskipt í A og B vaktir.

Slökkviliðsstjóri er í a.m.k. 50%.

Samstarf er á milli lögreglu, björgunarsveita, sjúkraflutningsmanna og slökkviliðsins. Slökkvilið eru hluti af almannavarnarkerfi svæðinsins og sinnir brunavörnum. Heildar fjöldi björgunarsveitamanna sem hægt er að ná í með skömmum fyrirvara er u.þ.b. 30 á svæðinu og alls eru 2 lögreglumenn á vegum lögreglunar Húsavík. Björgunarsveitarmenn eru þjálfaðir til aðsoðar við slökkviliðið.



Mynd 1. Skipulag Slökkviliðs Langanesbyggðar

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur slökkviliðsins á grundvelli laga. Slökkviliðsstjóri skipar staðgengla slökkviliðsstjóra. Stjórn útkalla er á ábyrgð slökkviliðsstjóra eða þess sem stendur vaktina hverju sinni. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitarstjórn og í forföllum hans bera varðstjórar þá ábyrgð.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar eru að:

- stjórnna starfseminni og samræma og tryggja að öll verkefni slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett
- sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að heildarstarfsemin sé innan fjárhagsramma
- stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins
- sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt
- stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni
- vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við þjónustustig
- stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum

3.1. Verkefni slökkviliðs

Slökkviliðið sinnir öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Unnið er með flutning vatns á eldstað. Slökkviliðið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun. Þessum þáttum er sinnt frá slökkvistöð og æfingar miðast við að allir geti unnið þau störf í samræmi við þjálfun, menntun og þjónustustig.

Slökkviliðið sinnir mengunarvörnum. Samstarf er á milli sveitarfélagana frá Bakkafirði til Þingeyjarsveitar. Samkvæmt því er sameiginlegur búnaður staðsettur á Húsavík og Þórshöfn. Einnig að lágmarki fjórir slökkviliðsmenn hljóti menntun í viðbrögðum við mengunarslysum á landi í samstarfi við Brunamálastólann.

Eldvarnareftirliti er sinnt af slökkviliðsstjóra ásamt daglegri yfirstjórn. Öryggisvöktun er sinnt eftir beiðnum húseiganda og/eða kröfu slökkviliðsstjóra og sinna slökkviliðsmenn þessum beiðnum gegn greiðslu.

Við almannavarnaraðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna. Slökkviliðin sjá um þau atriði sem að þeim snúa.

Þjónusta sem er ekki samkvæmt lögum;

Slökkvilið sinnir slökkvistarfi í minni skipum sem eru bundin við bryggju en þá munu hafnaryfirvöld taka ábyrgð á mannskap og búnaði.

Slökkviliðið sinnir björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum.

Einnig mun slökkviliðið geta verða tiltækt vegna slökkvistarfs á flugvelli í samráði við Flugmálastjórn sem mun þá taka ábyrgð á mannskap og búnaði. Unnið er að gerð samstarfssamnings milli sveitarfélagsins og Flugstöða sem gerir ráð fyrir að slökkvilið Langanesbyggðar sjái um slökkvistarf á flugvelli. Stefnt er að samningur taki gildi 1 janúar 2008.

3.2. Forvarnarstarf

Dagleg umsjón forvarna heyrir undir starfsemi slökkviliðsstjóra. Forvarnarstarf er hluti af stöðugildi slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Langanesbyggðar í dag.

Starfssemin er tvennskonar:

- Eldvarnaeftirlit og skoðun
- Upplýsingar og fræðsla

Helstu verkefni forvarna eru:

- ráðgjöf til hönnuða
- skoðun teikninga bygginganefndar
- úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga
- umsögn vegna veitinga- og gististaða
- sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum
- fræðsla fyrir almenning um eldvarnir
- fræðsla í skólum um eldvarnir
- slökkviliðsstjóri situr fundi skipulags- og byggingarnefndar

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarna er í höndum slökkviliðsstjóra.

Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti á að vera löggiltur eldvarnaeftirlitsmaður og skal hafa hlotið menntun á því sviði sem Eldvarnaeftirlitsmaður III hjá Brunamálaskólanum eða sambærilega menntun. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans. Eldvarnaeftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntunn í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001. Listi um skoðunarskylda staði er í listanum í fylgiskjali 2.

Endurmenntun er í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans.

3.3. Útkallsstarf

Slökkviliðsstjóri samhæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við mótaða stefnu. Hann leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur.

Helstu verkefni eru:

- slökkvi- og björgunarstörf
- viðbrögð við umhverfisslysum
- björgun vegna umferðaóhappa
- slökkvistarf í skipum
- þjálfun og æfingar starfsmanna
- eftirlit tækja og búnaðar
- umhirða húsnaðis, bifreiða og búnaðar
- slökkvistarf á flugvelli

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð útkallsliðs er í höndum slökkviliðsstjóra. Varðstjórar bera faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Fjöldi slökkviliðsmanna er u.þ.b. 20 í heildina en í dag er einn af þeim í hlutastarfi. Stefnt er að því að allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma. Ekki eru þó allir sem hafa tilskilin réttindi til að aka meiraprófsbílum og aðrir ekki færir um að stunda reykjöfun.

Slökkviliðin sinna vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhús ásamt reykjöfun og minni háttar mengunarslysi s.s. olíuleka við höfn og á vegum og ammoníakleka. Slökkvilið sinnir björgun úr bílflökum og slökkvistarfi í minni skipum.

- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera með reykjöfunarréttindi á hverjum tíma.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 8 slökkviliðsmenn þjálfaðir til starf vegna klippuvinnu á hverjum tíma.
- Í samræmi við þjónustustig hafa á hverjum tíma verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 4 slökkviliðsmenn þjálfaðir til starf vegna mengunarslysa á hverjum tíma. Samkvæmt samningi mun Slökkvilið Húsavíkur koma með aukinn búnað og mannskap á staðinn við mengunarslysi.
- Vegna slökkvistarfs í skipum verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til að geta tekist á við þessa þætti.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 10 slökkviliðsmenn þjálfaðir til starf vegna slökkvistarfa í flugvélum á hverjum tíma.

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Æfingar miðast við að slökkvilið geti uppfyllt þær kröfur sem fylgja þjónustustigi slökkviliðsins. Æfingaráætlun er að finna í fylgiskjali 3.

Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamálaskólans. Auk þess mun slökkvilið gera áætlun til fimm ára og verður sú fyrsta gerð fyrir starfsárið 2007. Slökkviliðsmenn hafa sótt námskeið á vegum Brunamálaskólans svo og endurmenntunarnámskeið. Sjá menntunarstig í fylgiskjali 4.

Í útköllum er unnið eftir aðgerðarskipulagi sem skilgreinir í megin dráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum.

3.4. Annað

Slökkvilið sinnir aðstoð við önnur brunavarnarsvæði samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Slökkviliðið getur einnig óskað eftir aðstoð frá öðrum slökkviliðum þó svo að ekki sé til staðar skriflegur samningur þar um.

Gerður hefur verið samstarfssamningur um eldvarnareftirlit og megnunarvarnir fyrir flest öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslu. Samkvæmt honum er mengunarvarnarkerra staðsett á Þórshöfn.

Sjúkraflutningar eru ekki á vegum slökkviliðsins.

4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Neyðarlínan er notuð sem stjórnstöð til upplýsinga og aðstoð með meiri mannskap. Talstöðvar hjá öllum helstu björgunaraðilum er á VHF tíðni. Ekki hefur verið komið upp TETRA sambandi á svæðinu. Neyðarsvörun er í höndum neyðarlínunnar og sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum og Boða.

4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við almannavarnir á svæðinu og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum. Helstu áhættur sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiriháttar mengunarslys á svæðinu t.d. ammoníakleki í fiskvinnslunum.

4.2. Svar- og greiningartími

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3.7 sek. og greiningartími er allt að 1.5 mín en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna ásamt því að uppfæra upplýsinga eftir þörfum.

4.3. Boðunartími

Eins og áður er komið fram sér Neyðarlínan um boðun á slökkviliðunum með talboðum og SMS skilaboðum. Boðunin er gerð samkvæmt fyrirmælum slökkviliðsstjóra. Viðmið sem notast er við, er að fyrsti slökkvibíll skal vera kominn úr stöð innan fimm mín. miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki og slökkviliðið verði komið á vettvang innan við 10 mín. innan þéttbýlis. Varðandi slökkviliðið sér slökkviliðsstjóri um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna. Björgunarsveitir sjá sjálfar um að uppfæra boðunarlista sinn í gegnum landstjórn björgunarsveita. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap. Samningur er við björgunarsveitina um aðstoð.

4.4. Virkjunartími

Í slökkvistarfi er miðað við að reykkaftarar verði komnir með vatn á stút innan við 2 mín. frá því að dælubíll stöðvar við eldstað. Er þessi ferill æfður og tímatekin a.m.k. einu sinni á ári. Allt slökkvistarf á að vera komið í gang innan við fjórar mín. frá því að slökkviliðið kemur á staðinn.

4.5. Viðbragðstími

Viðbragðstíma er skipt upp í þrjú tímabelti og flokka (sjá mynd). Í fyrsta tímabeltinu, flokk I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mín. frá boðun (grænt), í tímabelti tvö, flokk II; eru aðgerðir hafnar innan 20 mín. (gult) og í þriðja tímabeltinu, flokk III, eru aðgerðir hafnar innan 30 mín. (rautt). Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti (fylgiskjal 1 og 1.1). Þar sem slökkvilið er lengur en 30 mín er séð til þess að fólk sé upplýst um mikilvægi slökkvitæka, reykskynjara og rýmingarleiða.

5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður

Afskriftarreglur og fjármagnsstefna er í samræmi við reglur og samþykktir sveitarfélagsins. Endurnýja skal búnað samkvæmt kröfum framleiðanda.

5.1. Húsnæði

Slökkvistöð Þórshöfn, Bakkavegi 11

Húsnæðið var byggt sem fiskvinnsla. Þetta er stálgrindarhús byggt árið 1987 og er um 200 ferm. Í húsnæðinu er einn bílasalur fyrir tvo bíla. Ekki er aðstaða fyrir slökkviliðsmenn

Slökkvistöð Bakkafirði, Miðvangi 9

Húsnæðið er áhaldahús sveitarfélagsins. Byggingin er um 60 m² timburhús og þar er slökkvibifreiðin geymd. Aðstaða fyrir slökkviliðsmenn er nánast engin. Aðstaðan er mjög lítil og í alla staði óviðunandi.

5.2. Bifreiðar

Bifreiðar slökkviliðsins eru í eigu sveitarfélagsins og er rekstur bifreiðana samkvæmt fjárhagsáætlun hverju sinni. Vegna stórra bygginga sem eru mikilvægar fyrir atvinnustarfsemi á svæðinu er nauðsynlegt að auka dælumátt slökkviliðsins svo að það ráði við eld í viðkomandi byggingum.

Þórshöfn:

- Renault Midlum/ISS FLF 3000/200 árgerð 2007. Dælubifreið með mannskapshúsi útbúið fyrir 4 reykkafara, 3000 l. vatnstank, 200 l. froðutank, 3000 l/min. dælu og 135 kg. Dufttæki. Bifreiðin er sambyggð flugvallar og húsbunabifreið með 1800 lítra/mín. stút á þaki sem er stjórnað úr ökumannssæti. Bifreiðin er útbúin með 6 kW 220/380v rafal, ljósamastri, tveimur olíumiðstöðvum með barka til upphitunar á vettvangi ásamt öllum helsta búnaði til björgunar og slökkvistarfa. Þar með talið klippubúnaður.
- Ford Econoline árgerð 1988 og er útbúin með lausa dælu, slöngur, barka og einnig lausri rafstöð. Ástand bifreiðar er nokkuð gott, en þarfnast lagfæringar á sætum afturí. Bifreiðin var áður sjúkrabifreið.
- Bedford árgerð 1964, dælubifreið með 4200 l/mín dælu og 1800 l tankur. Bifreiðin er ekki lengur nothæf. Í skoðun með að nota dælu áfram annað hvort staka eða á öðrum bíl.

Bakkafjörður:

- Unimog árgerð 1985. Bifreiðin er með 1800 l. vatnstank, 50 l. froðutank og 1600 l/min dælu. Bifreiðin var keypt notuð frá Þýskalandi árið 2001. Ástand er nokkuð gott.

5.3. Búnaður

Mengunarvarnarbúnaður:

- Kerra með mengunarvarnarbúnaði er staðsett á Þórshöfn.

Þórshöfn. Talin verður upp allur laus búnaður fyrir utan bifreiðar og fjarskipti:

Lausar dælur:

- **Godiva** 1200 l/mín Ástand sæmilegt
- **Tohatsu VC72AS** 1400 l/mín Ný júní '07

Reykræstibúnaður:

- **RAMFAN GF164SE** yfirbrýstingsblásari Nýr Janúar '08
- **Cutters Edge** Keðjusög Ný Janúar '08

Allar slöngur eru reglulega prófaðar og eru í góðu ástandi en þarfnast reglulegrar endurnýjunar.

- Stofnlangir 4" 40 m
- Stofnlangir 3" 400 m
- Stofnlangir 2 ½" 100 m
- Vinnuslängur 42mm 120 m
- Vinnuslängur 1 ½" 40 m
- Sogbarkar 4 stk. 3 m hver barki, vídd 4"
- Sogbarkar 4 stk. 3 m hver barki.....

Stútar eru prófaðir reglulega og eru í góðu ástandi:

- 5 stk. Úðastútar 375 – 500 l/min
- 5 stk. beinir stútar ca. 350 l/min
- 2 stk. Greinistykki
- 1 stk. Safnstykki

Handverkfæri eru öll í góðu standi og eru yfirfarin mánaðarlega.

- Slöngulyklar 7 pör
- Barkalyklar 4 pör
- Sleggjupungur 500g 2 stk
- Exi 4 stk
- Kúbein 4 stk.
- Rörtöng 2 stk.
- Slönguupprúllari+fylgihl. 2 stk.

Ljósabúnaður er prófaður mánaðarlega og er í góðu standi. Rofabúnaður er prófaður mánaðarlega og er í góðu ástandi.

- Færanleg rafstöð 5 kw, 1 stk.
- 2 stk. Kastarar fastir á bíl
- 2 stk. Kastarar ásamt stöndum og framlengingasnúrum

Reykköfunarbúnaður er notaður á öllum æfingum og þar að auki prófaður reglulega. Eftirlit með tækjunum er skv. reglugerð: Reykkafarar sjá um frágang reykköfunartækja. Vantar nauðsynlega fjarskiftabúnað.

- 8 stk. Fenzy
- 8 stk. varahylki.
- (Bauer 200 bar loftdæla. Þarfnast yfirferðar)
- Ný 300 bar loftdæla
- 2 stk. líflínur

Froðubúnaður: Í góðu ástandi

- Sjálfvirkur froðublandari á dælubíl
- 1 stk. froðustút 400 l/mín miðað við 5 bar
 - 550 l millifroða.

Hlífðarfatnaður og fl. Í góðu ástandi

- 12 stk. hjálmur.
- 10 stk. eldgallar.
- 12 stk. öryggisstígvél.
- 14 stk. reykköfunarhettur.
- 14 stk. skinnhanskar
- Til eru gamlir gallir (10 stk.)
 - eru til staðar fyrir varalið t.d. björgunarsveit

Stigar: Í góðu ástandi

- 9 metra brunastigi
-

Bakkafjörður. Talin verður upp allur laus búnaður fyrir utan bifreiðar og fjarskipti:

Lausar dælur:

- Hale 800 l/mín Gott ástand
- Climax 1200 l/mín Ónothæf(kannski ónýt)

Allar slöngur eru reglulega prófaðar og eru í góðu ástandi en þarfnast reglulegrar endurnýjunar.

- Stofnlangir 4" 40 m
- Stofnlangir 3" 200 m
- Stofnlangir 2 ½" 40 m
- Vinnuslängur 2" 100 m
- Sogbarkar 4" 4 stk. 3 m hver barki

Stútar eru prófaðir reglulega og eru í góðu ástandi:

- 1 stk. Úðastútur 375 – 500 l/min
- 2 stk beinir stútar ca. 350 l/min
- 1 stk. Stútur (700 l/mín)
- 2 stk. Greinistykki
- 1 stk. Safnstykki

Handverkfæri eru öll í góðu standi og eru yfirfarin mánaðarlega.

- Slöngulyklar 5 pör
- Barkalyklar 2 pör
- Sleggjupungur 500g 1 stk
- Exi 1 stk
- Kúbein 1 stk.
- Rörtöng 0 stk.
- Slönguupprúllari+fylgihl. 0 stk.

Ljósabúnaður er enginn til fyrir utan einn hreyfanlegan kastara sem er hluti af ljósabúnaði bílsins.

Reykköfunarbúnaður er notaður á öllum æfingum og þar að auki prófaður reglulega. Eftirlit með tækjunum er skv. reglugerð: Reykkafarar sjá um frágang reykköfunartækja. Vantar nauðsynlega fjarskiftabúnað.

- 3 stk. Fenzy
- 3 stk. varahylki.
- 2 stk. Líflínur

Froðubúnaður: Í góðu ástandi

- 1 stk. Jektor
- 1 stk. froðustút 400 l/mín miðað við 5 bar
 - 350 l millifroða.

Hlífðarfatnaður og fl. Í góðu ástandi

- 6 stk. hjálmar.
- 6 stk. eldgallar.
- 6 stk. öryggisstígvél.
- 6 stk. reykköfunarhettur.
- 7 stk. Skinnhanskar

Stigar: Í góðu ástandi

- 1 stk. 6 m Tréstigi

5.4. Fjarskipti

Notast er við VHF fjarskipti á rásum slökkviliðsins og UHF vinnutalstöðvar á vettvangi. Notast er við endurvarpa almannavarna og björgunarsveita. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á viðhaldi, endurnýjun og rekstur sé með eðlilegum hætti. Allir slökkviliðsmenn hafa GSM síma. Farsímar (vegna SMS boðunar) eru í eigu slökkviliðsins.

Fjarskipti Þórshöfn

| | |
|--|---------|
| VHF Handstöðvar | 2 stk. |
| Talstöðvar fyrir reykkafara | 0 stk. |
| UHF handstöðvar | 6 stk. |
| Fastar talstöðvar í slökkvibifreiðum | 2 stk. |
| Föst talstöð í varðstofu..... | 0 stk. |
| NMT símar..... | 2 stk. |
| GSM símar | 12 stk. |

Fjarskipti Bakkafirði

| | |
|--|--------|
| VHF Handstöðvar | 1 stk. |
| Talstöðvar fyrir reykkafara | 0 stk. |
| UHF handstöðvar | 2 stk. |
| Fastar talstöðvar í slökkvibifreiðum | 0 stk. |
| Föst talstöð í varðstofu..... | 0 stk. |
| NMT símar..... | 0 stk. |
| GSM símar | 6 stk. |

5.5. Viðvörunarbúnaður

Einungis er um að ræða sírenur slökkvibíla. Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við AVP og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum AVP. Engir brunalúðrar eru lengur til staðar eða almannavarnarflautur.

5.6. Æfingarsvæði

Slökkviliðið hefur til umráða tvílyft hús með kjallara og risi að Eyrarvegi 8 á Þórshöfn. Eldur varð laus í húsinu í september 2006 og þurfti í kjölfarið að takmarka aðgang að tveimur herbergjum á fyrstu hæð. Að öðru leiti hentar húsið vel til æfinga í reykköfun, leit og björgun. Ekki er um sérstakt æfingarsvæði að ræða heldur notast við það sem hentar best á hverjum tíma.

5.7. Annað

Verktaki á Þórshöfn á 18 þús. lítra tankbíl með tenginum fyrir slökkvilið.

Bóndi í Sveinungsvík á stóra haugsugu.

6. Landupplýsingar

Landfræðilegt þjónustusvæði slökkviliðs er frá Sandvíkurheiði í austri að Ormarsá í vestri.

Ekki er notast við neitt sérstakt leiðarkerfi á leið í útköll heldur eru slökkviliðsmenn almennt nokkuð kunnugir um héraðið og rata um vegi sveitarfélagsins en til taks eru landakort af svæðinu í slökkvibifreiðum og er notast við þau ef á þarf að halda. Unnið er að því að koma í slökkvibílana staðháttalýsingum af hverjum sveitarbæ með upplýsingum um vatnsból og helstu hættur. Er þetta unnið samhliða eldvarnareftirliti og notast við eldvarnareftirlitsforritið ERPUR. Reikna má með að þetta verði komið í alla bíla á árinu 2008.

7. Vatnsból og brunahanar

Á Þórshöfn eru 15 brunahanar víðsvegar um bæinn með vatnsþrýsting um 4 til 5 bar. Einnig er víða þökkalegt aðgengi að sjónum og Hafnarlæknum.

Þórshöfn fær vatn frá rótum Gunnólfsvíkurfjalls um 13 km leið frá þéttbýli um 140 mm í safntank sem tekur 180 m³. Frá tankanum liggur um 100 metra lögn sem greinist í tvær 130 mm lagnir sem liggja síðan um þorpið.

Á Bakkafirði eru samtals 5 brunahanar. Eru þeir allir nýjir eða nýlegir með nægjanlegt vatnsmagn og um 5 bar í þrýsting. Veitukerfi bæjarins hefur verið endurnýjað að fullu. Ekki er gott að ná upp sjó, bæði vegna erfiðs aðgengis og mikillar hæðar á sjávarbakkanum.

Bakkafjörður fær vatn frá ásnum ofan og austan við þorpið. Þar er safnþró með frárennsli um 140 mm lögn að safntank. Þar er þrýstijafnari. Tankurinn er hliðartengdur á lögnina með einstefnuloka og framhjáhlaupi til að tryggja ferskleika vatnsins í honum. Síðan liggur 110 mm lögn um þorpið.

Viðhald brunahana eru á vegum Vatnsveitu Langanesbyggðar og sér hún um afkastagetu þess. Slökkvistjóri sér um mælingar á afköstum brunahana. Nánari upplýsingar er að finna hjá Vatnsveitu Langanesbyggðar.

Vatnsból í dreifbýli er misjafnt eftir stöðum allt frá því að ekkert vatn er í námunda við bæi og þannig að gnægð vatns er við bæjardyrnar. Unnið er að samantekt gagna um vatnsöflun á sveitabæjum á svæðinu.

8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur

Nokkrar af stærstu áhættum á starfsvæði Slökkviliðs Langanesbyggðar eru settar hér fram og kemur mesta áhættan fyrst.

Hraðfrystistöð Þórshafnar, fiskvinnsla

Byggingin er ein brunasamstæða og byggt árin 1975/83/96/97 á um 3320 ferm. Stórt hurðarop er á milli byggingarhluta. Stálgindin er óvarin. Milliveggir og útveggir í Butler húsinu er hlaðnir upp undir loftið og eru með plasti í hurðarop. Að vélar sal er eldvarnarhurð <A-EI60(?). Opið er með leiðslum frá vélarasal. Umbúðaloftið er afmarkað með léttum timburveggjum (aspst). Vestan við umbúðaloftið er þakrými yfir sölum vélflökunar, vinnslu og tækjasalar. Byggingin sem liggur austur-vestur er með steypa útveggi og límtrésbita í þakinu. Límtrésbitarnir eru á steypum bitum. Í þakinu eru spónaplötur. Í vesturenda er kæliklefi og vinnsla. Þessir veggir eru klæddir með

báruðu stáli. Á milli kæla er lítil kaffistofa og verkstjóraherbergi (á efri hæð). Þarna er timburgólf. Stiginn er úr stáli. Að öðru leyti er húsið fyrir móttöku. Við hurðina er rafmagnslyftari hlaðinn. Í stálgrindarhúsinu er vinnsla. Húsið liggur suður-norður. Í suðurhlutanum þar sem húsin koma saman er áframhald á móttökunni. Í suðausturhorninu er ísvélar, frystiklefi og kæliklefi. Að vinnslunni er síðan hlaðinn veggur upp að millilofti. Frystitæki er með nær allri austurhliðinni. Rafmagnslyftari er hlaðinn á svæðinu. Frystiklefinn er í norðurenda (frágangur ekki skoðaður). Bárustál er í lofti. Loftið er tekið niður yfir þessum aðstöðum (hangir í járn sem er um 8x20 mm). Í norðausturhorninu er vélasalurinn. Austan við vinnslusalinn er aðstaða starfsmanna. Þar eru skrifstofur, búningsherbergi, borðsalur og eldhús. Yfir skrifstofu og borðsal er umbúðageymsla. Timburgólfið er klætt með krossviðaplötum. Opið er að lausfrysti. Glerull er milliloftinu. Loftstokkar eru á milliloftinu. Hráfnisgeymar eru austan við bygginguna. Rýmingarleiðir eru viðunandi af hæðinni. Frá umbúðageymslu og milligólfi (þakrými) er ein leið. Tvær leiðir eru frá borðsal. Ein leið frá skrifstofum. Sjálfvrikt brunaviðvörðunarkerfi er í húsnæðinu (ekki í lagi).

Í byggingu er frystiklefi austan við frystihúsið með tengibyggingu á milli húsana.

Niðurstæða:

